

**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020****UPPE3MU05**

Kennari	Lovísa H. Larsen lovisa.larsen@fss.is
Viðtalstími	Mánudagar 13:10-13:50
Kennsluefni	Efni frá kennara Aðalnámsskrá leikskóla Aðalnámsskrá grunnskóla; almennur hluti Aðalnámsskrá framhaldsskóla; almennur hluti
Áfangalýsing	<p>Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur kynnist ólíkum uppeldisþáttum foreldrahlutverksins. Skoðaðar verða áherslur sem beina sjónum að sjálfsaga og sjálfstraust barna og hvaða aðferðir séu bestar til að kenna börnum sjálfsaga samhliða því að hefðbundnar aðferðir í foreldraþjálfun eins og hegðunarsamningar, refsingar og slokknun. Hvernig höldum við aga án þess að skaða börn? Hvað er jákvæður agi? Þetta eru spurningar sem til dæmis verður leitast við að svara í áfanganum.</p> <p>Skoðaðar verða ólíkar fjölskyldusamsetningar og farið yfir hversu nauðsynlegt það er í samstarfi við börn að gera ekki ráð fyrir að forráðamenn séu karl og kona eða séu yfir höfuð tveir.</p> <p>Þá verður sjónum beint að skipulögðu uppeldi/menntun á Íslandi útfrá námsskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Jafnframt er markmiðið að nemendur skoði uppeldi í íslensku samfélagi og þjálfist í að skipuleggja uppeldi/menntun. Kennslufyrirkomulag verður í formi fjarkennslu, kynninga, verkefnavinnu og umræðna á innu.</p>

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 10 mín	10 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 3 klst.	12 klst.
Lokaverkefni	28 klst.	28 klst.
Alls		110 klst. = 5 fein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 - 120 klst.

<p>Þekking</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ólíkum fjölskyldugerðum • Algengum uppeldisaðferðum • Jákvæðum aga • Helstu aðferðum sem notaðar eru í mótun sjálfsaga barna. Helstu uppeldisaðferðum sem kenndar eru við foreldraþjálfun eða (e. parent management training) • Helstu markmiðum námskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla • Hvenær á að tilkynna mál til barnaverndar 	<p>Hæfni</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vita að óæskileg hegðun hefur einhvern orsakavald • Í að nýta sér aðferðir eins og hundsun á neikvæðri hegðun, gera hlé, taka barn úr aðstæðum. • Ræða málin í staðinn fyrir að vera alltaf með skipanir • Vega og meta hvenær nemendur eiga að leita sér ráðlegginga hvort þeim beri að tilkynna málefni til barnaverndar og hvar þeir geti fengið slíkar ráðleggingar.
<p>Leikni</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beita jákvæðum aga • Að geta túlkað og sýnt skilning á hvernig uppeldi og skipulag skólasamfélagsins fer saman. • Nota rétta orðræðu í ræðu og riti um fjölskyldur 	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að standast áfanga þarf að fá 4,5 í vinnueinkunn.
--------------------------------------	---

Heiti	Vægi
Tímapróf	30%
Krossaverkefni	20%
Kvikmyndaverkefni 1 og 2	15%
Umræður	10%
Lokaverkefni	25%

Virðing, samvinna og árangur

Reglur áfanga	Skyldumæting í fjarkennslutíma. Til þess að standast áfanga þarf 4.5 í vinnueinkunn.
----------------------	--

Kennsluvikur.	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum.
1. vika 20.-28. ágúst	Kynning á áfanga	Krossaverkefni 1
2. vika 31.ágúst-4.sept	Foreldri til fyrirmyndar (Með lífið að láni bls 95-125) efni á moodle Ólíkar fjölskyldugerðir	Krossaverkefni 2
3. vika 7.-11.september	Foreldri til fyrirmyndar/ Uppbyggingastefnan/Eigum við að hafa vit fyrir öðrum (Sterk sama bls 13-39) efni á moodle	Krossaverkefni 3
4. vika 14.-18.september	Á hvaða leið erum við? (Sterk saman bls 39-69) efni á moodle	Tímapróf 1 Umræður á innu
5. vika 21.-25.september	Barnavernd Tilkynningaskylda Ólíkar uppeldisaðferðir og áhrif þeirra á framtíð barna	Verkefni frá kennara
6. vika 28. sept.-2.október	Að eiga sér sameiginleg markmið/Hvernig getum við aukið siðvit og félagsfærni (Sterk saman bls 69-129) efni á moodle	Verkefni frá kennara Umræður á innu
7. vika 5.-9. október	Það sem við þurfum að gera (Sterk saman bls 131-161) efni á moodle	Krossaverkefni 4
8. vika 12.-16.október	Við tvö erum eitt (Með lífið að láni bls 157-191) efni á moodle	Tímapróf 2
9. vika 19-23.október vetrarleyfi		Kvikmyndaverkefni
10. vika 26.- 30. október	Foreldraþjálfun inngangur/Hegðunarsamningar	Kvikmyndaverkefni Krossaverkefni 5
11. vika 2.-6. nóvember	Refsingar/Slokknun (glærur) Goðsagnir og hugtakaruglingur (glærur)	Krossaverkefni 6

Virðing, samvinna og árangur

12. vika 9.-13. nóvember	Aðalnámskrá leikskóla (valdir þættir)	Tímapróf 3
13. vika 16.-20. nóvember	Aðalnámskrá grunnskóla (valdir þættir) Ofbeldi gagnavart börnum, langvarandi afleiðingar	Vinna við lokaverkefni
14. vika 23.-27. nóvember	Aðalnámskrá framhaldsskóla	Vinna við lokaverkefni
15. vika 30.nóv - 4. desember		Skil á lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Lovísa H. Larsen